

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018, snjóflóðavarnir við Búðargil á Bıldudal.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. júní 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota, leiðigarður/snjóflóðavarnargarður, stækkar að Lönguhlíð og að hluta til að Tjarnarbraut þannig að íbúðarsvæðin minnka sem því nemur. Hluti íbúðarsvæðisins verður skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð með takmarkaða nýtingu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 6. júní 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 23. júní 2008